



ORKUBÚ VESTFJARÐA

Verðskrá

nr. 5

fyrir innmötun raforku

Gildir frá 01.07.2018

Innmötunargjöld eiga við alla þá sem framleiða orku inn á dreifikerfi Orkubús Vestfjarða.

A. Greiðslur virkjunaraðila til Orkubús:

Fastagjald:

Árlegt fastagjald miðast við ástimplað afl rafala.

Ástimplað afl rafala	Án vsk	M.vsk 24,00%
Undir 35 kW 1)	136.370 kr.	169.099 kr.
35 - 69 kW 1)	204.957 kr.	254.109 kr.
70 – 100 kW 1)	273.484 kr.	339.120 kr.
Undir 200 kW	396.909 kr.	492.167 kr.
200 - 499 kW	464.918 kr.	576.498 kr.
500 – 999 kW	618.963 kr.	767.514 kr.
1000 – 1999 kW	824.586 kr.	1.022.487 kr.
2000 – 3499 kW	1.338.648 kr.	1.659.924 kr.
3500 – 4999 kW	2.109.739 kr.	2.616.076 kr.
5000 – 6999 kW	2.880.831 kr.	3.572.230 kr.
7000 – 9999 kW	3.651.924 kr.	4.528.386 kr.

1) Ósamfasa rafali án greiðslu aflþáttar vegna minni úttektar frá Landsneti.

B. Greiðslur Orkubús til virkjunaraðila vegna minni úttektar frá Landsneti:

Virkjun allt að 300 kW:

	Án vsk	M.vsk 24,00%	
Aflþáttur	kr/kW/ári	6.516,566	8.080,542
Orkuþáttur	kr/kWh	0,47187	0,58512
Taparþáttur	kr/kWh	0,11782	0,14610

Fyrir virkjun yfir 300 kW minnka upphæðir þessara liða hlutfallslega og falla alveg niður við 3.100 kW.

C. Skýringar:

Greiðslur Orkubús Vestfjarða til virkjunaraðila vegna lækkunar á útmötun Landsnets

Aflþáttur miðast við mældan 60 mínútna meðaltopp og mismun á meðaltali fjögurra hæstu mánaðatoppa með og án virkjunar. Komi til innmötunar orku inn á meginflutningskerfið í afhendingarstað Landsnets skerðist greiðsla fyrir orkuþátt og taparátt sem því nemur.

Fastagjald

Aflháð þrep fastagjalds miðast við málafli rafala.

Eyjakeyrlukrafa

Fastagjöld vegna samfasa rafala 500 kW og stærri miðast við að virkjun sé búin búnaði til skipulagðs eyjarekstrar. Verði misbrestur á því hækkar fastagjald sem nemur tveimur gjaldþrepum. Fastagjald vegna virkjana í efstu tveimur stærðarflokkum hækka þó um tvöfaldan mismun tveggja hæstu gjaldþrepa

Útgáfa reikninga

Orkubú Vestfjarða skal gefa út mánaðarlega reikninga vegna 1/12 hluta greiðslu virkjunaraðila fyrir fastagjald.

Virkjunaraðili skal gefa út mánaðarlega reikninga vegna greiðslna Orkubús Vestfjarða skv. B-hluta verðskrár miðað við orku skv.mæli og 1/12 hluta áætlaðrar greiðslu vegna afls. Lokauppgjör fer fram með desember reikningi.

Gjalddagi mánaðarlegra reikninga er síðasti virki dagur næsta mánaðar.

Tengigjald

Við tengingu greiðir virkjun tengigjald með eingreiðslu skv.tilboði Orkubús Vestfjarða í samræmi við ákvæði raforkulaga.

Afsláttur af dreifigjöldum til eigenda smávirkjana undir 100 kW

Notendur sem uppfylla ákvæði 17.gr.a. í raforkulögum um afslátt til eigenda virkjana undir 100 kW er veittur 50% afsláttur af orkugjaldi og afgangi frá verðskrá um dreifingu og flutning vegna mældrar notkunar sem fer um dreifikerfið. Ekki er veittur afsláttur af fastagjaldi og fasviksgjaldi. Afsláttur nær aðeins til þeirrar notkunar sem samsvarar vinnslu virkjunar á hverjum tíma.